

AUGLÝSING

um undanþágur frá ákvæðum laga um eiturefni og hættuleg efni.

Eftir tillögum landlæknis og eiturefnanefndar hafa eftirfarandi undanþágur verið heimilaðar frá ákvæðum laga um eiturefni og hættuleg efni, sbr. heimild í 21. gr. laganna:

1. Undanþegin ákvæðum 5. gr. laganna (varðandi kaup og sölu) eru: **hexicið** (**lindan**) til þess að eyða óþrifum í sauðfé, málning, litir eða fúavarnarefni, er innihalda **arsen-** og **kvikasilfurssambönd** eða **bariummetabórat** og **tetraetýlbly** í benzíni til nota á benzínhreyfla til eldsneytis, enda skal gæta fyrirmæla að þessu lútandi í reglugerð um notkun og bann við notkun tiltekinna eiturefna og hættulegra efna, sem sett er samkvæmt heimild í 16. gr. laganna.
2. Undanþegin ákvæðum 1. málsgreinar 15. gr. laganna (íblöndun eiturefna og hættulegra efna í matvæli eða fóðurvörur) er **íblöndun nítrita** (kalíumnítrít, natriumnítrít) í síld, loðnu og annan bræðslufisk til þess að varna rotnun, enda skal gæta fyrirmæla að þessu lútandi í reglugerð, sem sett er samkvæmt heimild í öðrum lögum (sbr. reglugerð nr. 161/1966 um notkun rotvarnarefna til geymslu á síld, loðnu og öðrum bræðslufiski).

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 9. júlí 1971.

Eggert G. Þorsteinsson.

Páll Sigurðsson.

Nr. 131.

9. júlí 1971.

REGLUGERÐ

um útgáfu og afgreiðslu eiturbeiðna og annarra tilsvaramandi leyfa.

1. gr.

Eiturbeiðnir eru leyfi, er lögreglustjórar gefa út handa einstaklingum samkvæmt beiðni þeirra og gilda til kaupa á eiturefnum til eigin nota. Gildistími eiturbeiðna er lengst 1 ár frá útgáfudegi og gegn sömu eiturbeiðni má eigi láta úti oftari en í mesta lagi þrisvar sinnum. Þegar að neðan er rætt um eiturbeiðnir, er átt við eiturbeiðnir, er lögreglustjóri hefur gefið út og eru enn í gildi.

Eiturbeiðnir þarf ekki til kaupa á eiturefnum eða varningi, sem inniheldur tiltekin eiturefni og leyft er að selja á frjálsum markaði.

Sölu eiturefna mega þeir einir annast, sem greindir eru í 1—5 tölulið 1. málsgreinar 5. gr. laga um eiturefni og hættuleg efni. Heimilt er þó að selja á frjálsum markaði varning, er inniheldur tiltekin eiturefni (sbr. 7. gr. laga um eiturefni og hættuleg efni), enda skal þá gæta settra fyrirmæla um notkun. Slíkar undanþágur frá ákvæðum 5. gr. laganna skal auglýsa sérstaklega.

2. gr.

Ákvæði reglugerðar þessarar taka ekki til kaupa á eiturefnum, sem sérstaklega eru ætluð til nota í landbúnaði og garðyrkju og til útrýmingar meindýra.

3. gr.

Eiturbeiðnir skulu hljóða á eitt tilgreint eiturefni, eina tilgreinda blöndu eða samsetningu, er inniheldur tiltekin eiturefni eða hljóða á eina tegund varnings, sem tilgreindur er og hefur að geyma tiltekin eiturefni.

Seljandi ber fulla ábyrgð á því, að eiturbeiðnir séu rétt afgreiddar.